



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn - 22. maí 2017

Efni: Ölduslóð 32, umsögn vegna fyrirspurnar um hækkun á þaki, 1705248

Þann 15. maí síðastliðinn barst byggingarfulltrúa fyrirspurn vegna Ölduslóðar 32. Óskað er eftir að hækka þak hússins svo nýta megi rishæðina.

Í greinagerð gildandi deiliskipulags *Suðurbær sunnan Hamars* á bls.14 segir:

Ölduslóð

Húsin voru byggð á árunum 1953-1965 og eru flest tvíbýlishús. Óheimilt er að breyta þakgerð á húsum við götuna svo að byggingarstíll húsanna raskist ekki og við endurnýjun þeirra skal þakform þeirra og þakkantur haldast og þakklæðning haldist óbreytt. Kvistir á húsum með valmaþökum skulu vera a.m.k. 80 sm frá útveggjum húss og ekki vera hærri en 290 sm frá seyptri plötu. Hæð mænis má mest verða 380 sm frá efstu plötu. Kvistir á húsum með mænispaki skulu aldrei vera lengri en helmingur af lengd langhliðar.

Einnig:

Hvefisvernd við Ölduslóð

Valmaþök á húsum eru einkennandi fyrir þann stíl sem var algengur um miðbik síðustu aldar. Hvefisverndin felst í að þakform húsa með valmaþak haldist óbreytt og ef þak er endurnýjað skal þess gætt að stærð kvista sé hófleg og þakklæðning báruð.

Í ljósi ofangreindra verður ekki fallist á erindið eins og það liggur fyrir nú.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt
